

Þar sem rjetturinn litur svo á, að umrædd sala skuli vera ógild, þá kemur þessi varakrafa ekki til greina.

Kröfur hinna stefndu um sýknuun og málskostnað sjer til handa verður samkvæmt framanritaðu ekki hægt að taka til greina. Kröfu hinna stefndu um það, að máli þessu verði vísað frá, þar eð það virðist höfðað gegn skökkum varnaraðiljum verður ekki heldur hægt að taka til greina, þar eð hin stefndu samkvæmt málskjölunum, hafa verið sameigendur umræddrar húseignar og þau framkvæmt eða með umbodum látið framkvæma hússölu 13. febr. 1918, sem mál þetta er risið út af. Í sambandi hjer við skal sjerstaklega minst á afstöðu hins stefnda Bjarna Þ. S. Skattfells í málinu. Þar eð hann hefir gefið umbod til umræddrar hússölu, er verður að skoðast fullkomið og ótakmarkað, þá ber hann sem eigandi, jafnt hinum sameigendunum ábyrgð á hússölu 13. febr. 1918 og ber því að þola samskonar dóm og hinir sameigendurnir út af greindri hússölu.

Málsaðiljarnir hafa gert kröfu um ómerking á ýmsum ummælum og krafist sekta fyrir ósæmilegan rithátt í málskjölunum, en eftir atvikum sjer dómariinn ekki fært að taka þessar kröfur til greina.

Loks lætur dómariinn þess getið, að honum hefir ekki verið fært að kveða upp dóm þenna fyr vegna embættisanna, svo sem yfirjardamats í sýslunni, manntalsþingafærða, rjettarhalds og annara embættisverka, er fyrirfram voru ákveðin og eigi mátti fresta.

---

Mánudaginn 21. júní 1920.

Nr. 15/1920

**Valdstjórnin**

(sækjandi Lárus Fjeldsted)

gegn

**Eyjólfi Eyjólfssyni**

(verjandi Sveinn Björnsson),

sem kærður er um brot á 6., 7., og 8. gr l. nr. 88, 1917, um notkun bifreiða.

Dómur lögreglurjettar Hafnarfjarðar 27. jan. 1920: Bifreiðarstjóri Eyjólfur Eyjólfsson, til heimilis í

Suðurgötu nr. 20 í Hafnarfirði greiði 50 krónur í sekt til ríkissjóðs, og ennfremur allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans í málinu, cand. Juris. Björns Pálssonar í Reykjavík, 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi ók kærður á miðjum vegi eða öllu heldur hægra megin á veginum, er hann sá til bifreiðarinnar R. E. 50, er kom á móti honum, en þá bar honum samkvæmt 7. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917 að vikja tafarlaust til vinstri. Það verður nú ekki álitnið að kærði hafi beygt nægilega fljótt til þeirrar hliðar, því þegar bifreiðarnar rákust á, var bifreið kærða litið eitt farin að beygja til vinstri og var enn sem mest á miðjum vegi. Auk þess er það rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að kærði hefur vanrækt að gefa hljóðmerki til viðvörunar þar sem hann hlaut að sjá fyrir að hætta var á árekstri og þetta var því frekar skylda hans sem hann tók það ráð að stöðva bifreið sína á miðjum vegi. Hinsvegar þykir það eigi nægilega upplýst, að kærði hafi ekið með óleyfilegum hraða, sem honum einnig hefur verið gefið að sök.

Kærði hefur þannig gerst brotlegur gegn 7. og 8. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin fyrir það hæfilega ákveðin 200 kr. Hinsvegar verður, svo sem gert er í forsendum lögreglurjettardómsins, að sýkna kærða í þessu máli af skaðabótakröfu Steindórs Einarssonar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í hjerði samþykkist.

Svo verður kærði að greiða allan af áfrýjun

málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti 80 kr. til hvors.

Við meðferð málsins fyrir lögreglurjettinum at-  
hugast, að prófin eru að ýmsu leyti ófullkomin og  
að vottorð vantar í dóminn samkvæmt tilsk. 3. júní  
1796, 35. gr. um lögsmæti málsmeðferðarinnar, en að  
öðru leyti hefir rekstur málsins fyrir lögreglurjett-  
inum verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Eyjólfur Eyjólfsson greiði 200 kr.  
sekt í ríkissjóð Svo greiði hann og allan kostnað  
að sakarinnar bæði í hjeradi og í hæstarjetti,  
þar með talin málflutningslaun verjanda í hjer-  
adi Björns Pálssonar 20 kr. og málflutningskaup til  
skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, mál-  
flutningsmannanna Sveins Björnssonar og Björns  
Pálssonar Kalman, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að  
lögum.

Forsendur hin áfrýjaða dóms er svo:

Hinn 10. október f. á. rákust á bifreiðarnar R. E. 50 frá  
Reykjavík, er var á leið frá Reykjavík til Keflavíkur, bifreiðar-  
stjóri Sigurður Jónsson, til heimilis Laugavegi nr. 27 í Reykjavík,  
en eigandi Steindór Einarsson, til heimilis í Ráðagerði í Reykjavík,  
og bifreiðin H. F. 30 frá Hafnarfirði, á leið frá Hafnarfirði til  
Reykjavíkur, bifreiðarstjóri Eyjólfur Eyjólfsson, til heimilis í Suð-  
urgötu nr. 20 hjer í bænum, eigendur Björn Eyjólfsson og Hall-  
mundur Eyjólfsson, til heimilis á sama stað. Við árekstur þennan  
skemdust bifreiðar þessar allmikið, og einnig varð einn farþegi  
bifreiðarinnar H. F. 30, landsverslunarstjóri Aug. Flyg. nring hjer

í bænum, fyrir meiðslum á höfði og öðrum fæti við árekstur þennan —

Hefur fyrnefndur eigandi bifreiðarinnar R. E. 50, með erindi til lögreglustjóra Reykjavíkur, dags. 10. október f. á. krafist þess að hafin yrði rannsókn út af árekstri þessum, og telur hann að ákærður hafi brotið gegn lögum nr. 88, 14. nóvember 1917, um notkun bifreiða, og krefst þess að hann verði dæmdur í sektir, og ennfremur í skaðabætur til hans samkvæmt kröfu, er hann gerði þar að lútandi.

Að undangenginni rannsókn út af fyrumgetnum árekstri, er ákærður sakaður um brot gegn 6., 7. og 8. gr. nefndra laga, eða fyrir að hafa, eftir atvikum ekið of hratt, eða með akstri sínum truflað umferð um veginn og fyrir eigi að hafa verið þeim megin á veginum, er bifreiðarnar mættust, er lög fyrirskipa, og loks fyrir eigi að hafa gefið hljóðmerki, er hætta var á að árekstur yrði.

Hefir fyrnefndur Sigurður Jónsson, er stýrði bifreiðinni R. E. 50, fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 1. nóvbr. f. á. kannast við að honum hafi yfirsjést í því, að gefa ekki hljóðmerki og hægja strax á ferðinni, er hann sá til bifreiðarinnar H. F. 30 er bifreiðarnar mættust í hallanum norðan Fossvogar og til þess að sleppa við málssókn, boðist til að greiða sekt til bæjarssjóðs Reykjavíkur svo og málskostnað, og var málsókn gegn honum látin falla niður gegn þessu.

Ákærður, Eyjólfur Eyjólfsson, hefir á hinn bóginn eigi viljað kannast við, að hann við þetta tækifæri hafi orðið nokkuð brotlegur gegn oftgreindum lögum, og neitað að greiða skaðabætur til kæranda samkvæmt kröfu hans.

Þann dag eða þá, er áreksturinn varð, var þoka eða þokusúld óvenjulega mikil eða dimm, en eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið undir rannsókn málsins, mun ökuhraði bifreiðar þeirrar, er kærður stýrði, eigi hafa verið um skör fram, enda og upplýst, að hann hægði á ferðinni er hann sá til hinnar bifreiðarinnar, en bifreið ákærðs var þá á miðjum vegi, eða öllu heldur hægra megin á veginum, og er áreksturinn varð, var bifreið ákærðs á miðjum vegi, að eins lítið eitt farin að beygja til vinstri eða framhjóli hennar komið út af hjólförum miðsvegar. Ákærður telur þetta mundi eigi hafa sakað, ef hin bifreiðin hefði farið með hæfilegum hraða, og eigi farið eftir miðjum vegi eða því sem næst, og segir hann að venja sje að fara eða aka eftir miðjum

vegi þar til víkja þurfi, og hafi honum eigi verið mögulegt að víkja fljótar til rjettrar hliðar en hann gerði. — Það mun nú rjett vera, að bifreiðar venjulega fari eftir miðjum vegi á meðan ekkert er á vegi þeirra, og virðast nefnd lög heimila það, og þar sem ákærður, eftir því sem fram er komið undir rannsókn málsins, virðist hafa gert það, er í hans valdi stóð til þess að halda bifreiðinni til þeirrar hliðar vegarins, er lög mæla fyrir, frá því að hann varð var hinnar bifreiðarinnar, er á móti honum kom niður hallann, og þar til árekstur varð, verður eigi heldur álitíð að hann hafi gjörst brotlegur gegn 7. gr. oftnefndra laga, og enda þótt hjer hefði verið ábótavant af hans hálfu, gat það eigi rjettlætt árekstur af hálfu bifreiðar þeirrar, er niður hallann kom. Ákærður hefir þar á móti undir rekstri málsins kannast við, að hann hafi sjeð fram á að árekstur myndi geta átt sjer stað með þeim hraða, er var á bifreið R. E. 50, þegar hann varð hennar var eða sá til hennar, og því ástæða til þess fyrir hann að gefa hljóðmerki til viðvörunar bifreiðarstjóra þeim, er hjer um rædir, og með því að eigi nægar líkur eru færðar fyrir því, að ákærður eigi hafi haft ráðrúm til þess, eins og hann hefur haldið fram, ber að láta hann sæta sektum fyrir brot gegn 8. gr. fyrnefndra laga, er samkvæmt 13. gr. þeirra og eftir atvikum, virðast hæfilega ákveðnar 50 krónur, og einnig ber honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 20 kr. til skipaðs talsmanns hans í málinu, cand. juris. Björns Pálssonar í Reykjavík.

Að því er skadabætur snertir, þá hefur maður sá, er fyrir meiðslum af árekstrinum varð, fallið frá að gera kröfu til þeirra, og með hliðsjón af 15. gr. sbr. 14. gr. 1. lið oftgreindra laga, verður skadabótakrafa kæranda, Steindórs Einarssonar, eigi tekin til greina.

